

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gera skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar.

38. gr.

Með mál út af broti á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjarðarhöfn nr. 31 25. febrúar 1952 með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um lokun sölubúða í Neskaupstað.**

1. gr.

Sölubúðum í Neskaupstað skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2.—5. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað kl. 18 og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 og laugardag fyrir páska eigi síðar en kl. 15.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22.

Á laugardögum skal sölubúðum lokað kl. 13.

Á föstudögum mega búðir vera opnar til kl. 19.

Fyrsta virkan dag eftir jól skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 10.

3. gr.

Á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. maí skulu engar sölubúðir vera opnar.

Fyrsta desember mega búðir ekki vera lengur opnar en til kl. 12.

4. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum, og auk þess til kl. 15 alla laugardaga og kl. 9—15 alla almenna helgidaga og frídaga, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Þó skal loka á jóladag, nýársdag og páskadag eins og öðrum búðum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó ekki heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft starfrækslu söluturna (sælgætisbúða) til sölu blaða, tímarita, frimerkja, sælgætis, gosdrykkja, öls og tóbaksvara og má halda þeim opnum sem hér segir:

Á tímabilinu 1. maí—30. september kl. 9—23.30 alla daga.

Á tímabilinu 1. okt.—30. apríl kl. 9—22.

Þó skal loka föstudaginn langa, jóladag, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og gamlársdag eins og venjulegum sölubúðum.

Þeir, sem fá leyfi til að reka söluturna samkvæmt þessari grein, skulu greiða leyfisgjald í bæjarsjóð eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur bundið leyfi til verzlunarreksturs samkvæmt þessari grein öllum þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru matsölustaðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi bæjarráðs.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúa, nema úr sjálfsölum, sbr. þó ákvæði 5. gr., nokkurn varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi. Undanþegið þessu ákvæði eru þó vistir og aðrar nauðsynjar til skipa, sem eru að láta úr höfn.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala megi fara fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Allir, sem komnir eru í sölubúð fyrir lokunartíma, eiga rétt á afgreiðslu.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða 20—500 króna sektum til Bæjarsjóðs Neskaupstaðar. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum n. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1928, um almannafríð á helgidögum Þjóðkirkjunnar setja, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 85 20. maí 1940, um lokun sölubúða í Neskaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.